

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórnin í Hafnarfirði hefir samið og samþykkt, er hjermeð staðfest samkvæmt lögum nr. 34, 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30<sup>23</sup> 23. nóv. frá 19. júní 1922, til að öðlast gildi 1. desember þ. á., og birtist til eftirbreytni þeim, er hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. nóvember 1922.

**Sig. Eggerz.**

*St. Gunnlaugsson.*

## **Reglugjörð**

um

### **smáskipapróf.**

83

Samkvæmt 7. og 8. gr. laga nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar, eru settar eftirfarandi reglur um það, hvernig haga skuli prófi þeirra manna, sem æskja að verða stýrimenn og skipstjórar á skipum, sem eru milli 12 og 60 rúmlesta brúttó.

#### **1. gr.**

Hver sá, sem ekki hefir leyst af hendi fiskimannapróf eða farmannapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík, en æskir að verða stýrimaður eða skipstjóri á íslensku skipi í innanlandssiglingum, frá 12—60 rúmlestir, skal afhenda formanni prófnefndar þeirrar, er getur um í 5. grein reglugjörðar þessarar, skriflega beiðni um að mega ganga undir smáskipapróf og láta beiðninni fylgja þessi vottorð:

1. Kunnáttuvottorð, þess efnis, að sá eða þeir, sem umsækjandi hefir notið tilsagnar hjá, álíti hann hafa næga þekkingu til að ganga undir prófið.
2. Sjóferðavottorð um það, að hann hafi verið háseti eftir 16 ára aldur að minsta kosti 24 mánuði á skipum ekki minni en 12 rúmlestir, eða verið formaður á vjelbát ekki minni en 10 rúmlestir í 24 mánuði.

Allan siglingatíma eftir 16 ára aldur á skipum yfir 12 rúmlestir, skal sanna með sjóferðabók.

3. Sjónarvottorð um það, að sjón hlutaðeiganda sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn, en sú sjón má eigi vera minni en  $\frac{2}{3}$  á öðru auga og á hinu auganu minst  $\frac{1}{24}$  án glerja; svo verður hlutaðeigandi og

**83**  
24. nóv.

að geta greint grænt ljós frá rauðu í 6 metra fjarlægð frá Gräfes Fotometer með 3 mm. ljósopi.

#### 4. Aldursvottorð.

##### 2. gr.

Nú er námsskeið haldið, sem kostað er af almannaþje eða ríkissjóði, í þeim tilgangi að gefa mönnum kost á að ganga undir smáskipapróf, og skulu þá þeir, sem óska að njóta kenslunnar, afhenda formanni námsskeiðsins sjóferðavottorð, sjónarvottorð og aldursvottorð, áður en námsskeiðið byrjar.

Áliti formaður námsskeiðsins vottorðin ófullnægjandi, skal hann leita úrskurðar lögreglustjóra um þau — í Reykjavík álitis forstöðumanns Stýrimannaskólans. — Nú úrskurðast vottorðin ófullnægjandi, og getur þá umsækjandi eigi sótt námsskeiðið nema með sjerstöku leyfi formanns námsskeiðsins, og því aðeins, að húsrúm sje nægjanlegt.

##### 3. gr.

Árið 1923 og 1924 skulu bæjarstjórnirnar á Akureyri, Ísafirði, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu tillögur um, hvenær próf skuli haldið hvort árið. Skal slík tillaga hvernar bæjarstjórnar vera komin til ráðuneytisins minst mánuði áður en ætlast er til að prófið byrji.

##### 4. gr.

Hvenær smáskipapróf skuli haldið í Reykjavík, í apríl—maí á vorin og nóvember—janúar að vetri, skal farið eftir fyrirælum forstöðumanns Stýrimannaskólans.

Allir kennarar á landinu, sem búa lærisveina undir smáskipapróf eftir 1. janúar 1925, skulu tilkynna forstöðumanni stýrimannaskólans, að lærisveinar frá þeim gangi undir prófið, og skal jafnframt tekið fram, hve margir muni ganga undir prófið. Skal tilkynning um þetta vera komin í hendur forstöðumanns, eigi síðar en 1. apríl og 1. nóvember ár hvert.

Forstöðumaður skal svo aftur tilkynna kennurum þessum með nægilegum fyrirvara hvenær prófið verði haldið.

Nú fær forstöðumaður engar tilkynningar um prófsveina, og verður þá ekkert próf haldið.

##### 5. gr.

Í prófnefnd utan Reykjavíkur skipar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið 3 skipstjóra; skal formaður nefndarinnar vera skipaður eftir tillögu forstöðumanns stýrimannaskólans í Reykjavík og hins fasta kennara í siglingafræði, en hina tvo eftir tillögu lögreglustjóra. Í prófnefnd má alls eigi skipa neinn þann, sem aðeins hefir smáskipapróf.

Í Reykjavík eru prófdómendur þeir sömu og við stýrimannaskólaprófin, og skal forstöðumaður skólans vera formaður hennar.

### 6. gr.

Prófið er bæði skriflegt og munnlegt. Prófnefnd semur prófverkefni. Allir prófsveinar fá sömu skriflegu verkefni. Á þeim skal standa hve langur tími sje veittur til úrlausnar.

Í munnlega prófinu dregur hver prófsveinn sín verkefni; skal aðeins eitt vera á seðli, og skulu seðlar í hverri munnlegri prófgrein vera tveimur fleiri en prófsveinar.

Ef prófsveinar eru fleiri en einn, þá skulu þeir spurðir eftir stafrófsröð. Munnlegt próf skal haldið í heyranda hljóði.

### 7. gr.

Á meðan prófsveinar eru að leysa úr skriflegum verkefnum ber prófnefnd ábyrgð á, að prófsveinar geti eigi veitt hjálp eða notið hjálpar við úrlausn verkefnanna. Sannist það, að slíkum brögðum sje beitt, skal þegar víkja viðkomandi prófsveinum frá prófi, og skal eigi leyft að ganga aftur undir próf fyrir en á næsta reglulegum próftíma.

Prófsveinar leggja sjer til sjókort við prófið, svo og pappír og nauðsynleg áhöld við notkun sjókortisins.

### 8. gr.

Fyrir svör á hverri spurningu skulu prófnefndarmenn gefa einhverja af einkunnum þeim, er hjer skulu taldar, og jafngilda þær tölum þeim, er hjá þeim standa:

Ágætlega = 7, ágætlega ÷ = 6, dável = 5, dável ÷ = 4, vel = 3, vel ÷ = 2, laklega = 1, laklega ÷ = 0, illa = ÷ 1, illa ÷ = ÷ 3, afarilla = ÷ 5.

Verði prófnefndarmenn eigi ásáttir um hverja einkunn skuli gefa fyrir frammistöðu í einhverri grein, skal sú einkunn gefin, er að tölugildi er næst meðaltalinu af tölugildum einkunna þeirra, er prófnefndarmenn gáfu hver um sig; sje meðaltal þetta ÷ 2, verður einkunnin ÷ 1.

### 9. gr.

Til prófsins er krafist:

## I. í siglingafræði.

a. Að kunna að marka stað skips á sjókort og hafa nægilega þekkingu á sjókortum og notkun þeirra.

Þekking á að marka stað skips á sjókort með staðarlínum, sem eru fundnar með:

83

21. nóv.

1. tveimur miðum
2. miði og miðun
3. tveimur miðunum.

Skal staður skipsins verða fundinn hvort heldur báðar staðarlínurnar eru fundnar samtímis eða ekki samtímis; að kunna að finna stað skipsins þegar fararstaður er kunnur, haldin stefna og haldin vegalengd; að leiðrjetta kompásstefnuna fyrir segulskekkju, misvísun, drift og straum, sje hann kunnur, og að finna hve langt um líði, þangað til komist verður til tiltekings staðar; að geta fundið stefnu og vegalengd milli tveggja staða á kortinu og leiðrjett þá stefnu fyrir straum, sje hann kunnur, drift, misvísun og segulskekkju; þekking á aðalreglum fyrir Merkators-sjókortum, mælikvörðum þeirra og línun, og á því, hvað standa eigi á sjókortum.

Þekking á handlóði og djúplóði og hvernig þau eru notuð í sambandi við sjókortið.

Þekking á hvenær flóð verður og fjara eftir íslenskum meðaltíma og flóðtöflu Reykjavíkur.

b. *Að kunna að nota kompás og bera skyn á segulskekkju og misvísun.*

Þekking á hinum ýmsu pörtum kompássins og mismunandi tegundum þeirra, grein á segulmagni, segulnál, misvísun, segulhalla, segulskekkju og hvað henni veldur; að ákveða misvísun af stefnum eða miðunum, þegar stefnurnar eða miðanirnar eru gefnar eftir rjettum áttum og seguláttum; að ákveða segulskekkju af stefnum eða miðunum, þegar stefnurnar eða miðanirnar eru gefnar eftir seguláttum og kompásáttum.

c. *Að kunna að nota skriðmæli og vegmæli.*

Þekking á hinum ýmsu pörtum skriðmælisins og hvernig hann er búinn til og notaður.

Þekking á helstu pörtum vegmælisins og notkun hans.

## II. Í alþjóða-ákvæðum.

*Þekking á björgunartækjum, alþjóða neyðarmerkjum og alþjóðareglum til að forðast ásigling.*

Þekking á hvernig beri að haga sjer við björgun úr sjávarháska með notkun „rakettu“ björgunaráhaldsins og annara björgunartækja, að kunna að nota alþjóða neyðarmerki bæði á degi og nóttu; að bera ljóst skyn á siglingarreglurnar, sjerstaklega á það, hvaða ljósker skipinu beri eftir atvikum að hafa uppi, og hvenær og undir hvaða kringumstæðum beri að víkja fyrir skipi.

## III. Í íslensku.

*Að rita íslensku stórlýtalaust.*

Að rita stuttan kafla í óbundnu máli eftir upplestri.

10. gr.

Við prófið skulu gefnar 7 einkunnir, sem sje:

*Í siglingafræði:*

4 einkunnir fyrir tvær skriflegar og tvær munnlegar úrlausnir.

**83**  
24. nóv.

*Í alþjóða-ákvæðum:*

1 einkunn fyrir eina munnlega úrlausn.

*Í íslensku*

1 einkunn fyrir eina skriflega úrlausn.

Svo skal og gefa 1 einkunn fyrir ritleikni.

**11. gr.**

Sá einn stenst prófið, sem fær:

Í siglingafræði minst . . . . .	16 stig.
- alþjóða reglum minst . . . . .	4 —
- íslensku minst . . . . .	3 —
- aðaleinkunn minst . . . . .	28 —

Nú stenst prófsveinn eigi prófið og má hann þá eigi ganga undir smáskipapróf fyr en eftir mánaðartíma. Skal þá leggja fram nýtt kensluvottorð og taka fram í því, að kenslan hafi farið fram eftir að prófsveinninn fjell. Allan kostnað við slíkt aukapróf greiðir prófsveinninn.

**12. gr.**

Hver sá prófsveinn, er staðist hefir prófið, fær vottorð um það, að afloknu prófi, og skal það sniðið eftir þessari fyrirmynd:

N. N (fult nafn)

fæddur (fæðingar- staður, dagur og ár)

hefir staðist

*hið íslenska smáskipapróf,*

en til þess útheimtist:

- Að kunna að marka stað skips á sjókort og hafa nægilega þekkingu á sjókortum og notkun þeirra.
- Að kunna að nota kompás og bera skyn á segulskekkju og misvísun.
- Að kunna að nota skriðmæli og vegmæli.
- Að þekkja björgunartækin, ~~hin~~ alþjóða neyðarmerki og alþjóða reglur til að forðast ásiglingu.
- Eins fullkomin sjón og nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.
- Að rita íslensku stórlýtalaust.
- Að hað verið háseti eftir 16 ára aldur að minsta kosti 24 mánuði á skipum, ekki minni en 12 rúmlestir, eða verið formaður á vjelbát ekki minni en 10 rúmlestir í 24 mánuði.

**83**  
24. nóv.

Einkunnir hefir hann hlotið þessar:

Í skriflegri siglingafræði .. .. .	stig
- munnlegri siglingafræði .. . . . .	—
- alþjóða ákvæðum .. . . . .	—
- íslensku .. . . . .	—
- ritleikni .. . . . .	—

Aðaleinkunn .. . . . . stig.

(Nafn prófstaðarins) hinn .. . . . .

N. N. N. N. N. N.

(undirskrift prófnefndarinnar).

Hæsta aðaleinkunn er 49 stig.

Til þess að standast prófið þarf 28 stig.

### 13. gr.

Nöfn þeirra, er undir próf ganga, skal rita í bók, sem ráðuneytið lög-gildir og lögreglustjóri geymir; í Reykjavík skal forstöðumaður stýrimanna-skólans geyma bókina.

Í bók þessari skal skýrt frá fullu nafni hvers eins, fæðingar-stað, degi og ári, svo og frá einkunnum þeim og aðaleinkunn, sem gefið var við prófið. Í bók þessa skal og rita skriflegu verkefnið í siglingafræðinni. Bókin skal undir-rituð af prófnefndinni.

### 14. gr.

Öll útgjöld við prófið, og annar kostnaður, sem af því leiðir, greiðist úr ríkissjóði.

### 15. gr.

Með reglugjörð þessari er úr gildi numin reglugjörð um skipstjórarápróf á smáskipum frá 3. janúar 1916.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. nóvember 1922.

**Kl. Jónsson.**

*Oddur Hermannsson.*